

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
b/t verkefnisstjórnar um rammaáætlun, Herdísar Schopka  
Skuggasundi 1  
IS-150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03.08.2016  
Tilvísun vor: 07.08

**Efni: Athugasemd við tillögu að flokkun R3141A, Stóra-Laxá**

Með auglýsingu, dagsettri þann 11. maí 2016, óskaði verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar eftir athugasemdum við tillögu að flokkun virkjunarkosta eigi síðar en 3. ágúst 2016. Samkvæmt tillögunni leggur verkefnisstjórnin til að virkjunarkostur R3141A, Stóra-Laxá verði raðað í biðflokk.

Helstu rök verkefnisstjórnar fyrir flokkun virkjunarkostsins í biðflokk eru:

- *Fremur lág meðaltöl áhrifaeinkunna*
- *Neikvæð áhrif á fágætan laxastofn*
- *Miklir framtíðarmöguleikar fyrir ferðaþjónustu*
- *Mannvirkjagerð á svæði sem er óbyggt víðerni skv. skilgreiningu laga um náttúruvernd*
- *Hugsanleg samlegðaráhrif með Þjórsá*
- *Óvissa um samfélagsleg áhrif*

Á árunum 2013-2015 hefur verið unnið að rannsóknum og frumhönnun á virkjun í Stóru Laxá með miðlunarlóni í Illaveri. Þessi virkjunarkostur var lagður fram við 3. áfanga rammaáætlunar þó svo að hann væri ekki að fullu mótaður og nokkuð skorti á rannsóknir á náttúruferi. Úr þessu var bætt með umfangsmiklum viðbótarrannsóknum á svæðinu á árinu 2015 og var 8 rannsóknarskýrslum með niðurstöðum rannsókna skilað til verkefnisstjórnar í desember 2015. Það vekur hins vegar undrun að ekki er minnst á þessar skýrslur, hvorki í meginexta í drögum að lokaskýrslu né heimildarskrá. Umfjöllun og einkunnir faghópa virðast einnig mótast nokkuð af því að þeir fóru ekki um virkjunarsvæðið sumarið 2015.

Landsvirkjun vill gera nokkrar athugasemdir við umfjöllun þessa virkjunarkosts í niðurstöðum verkefnisstjórnar. Þar segir: „Þá myndi virkjun hafa mikil neikvæð áhrif á fiskasamfélög vegna lónmyndunar, þurrkunar farvegs og rennslisbreytinga, sérstaklega vegna lakari uppeldisskilyrða fyrir lax.“ Síðar segir: „Í niðurstöðum faghóps 2 kemur fram að virkjun myndi skerða uppeldissvæði og að minnkandi framleiðsla laxaseiða í Stóru-Laxá hafi áhrif á veiðinýtingu bæði þar og niður vatnasvæði Hvítár og Ölfusár.“

Í fjölmörgum skýrslum veiðimálastofnunar hefur verið fjallað um það að miðlanir ofarlega á vatnasviðum fallvatna dragi úr miklum rennslisveiflum og jafni rennsli og stuðli þannig að meiri frumframleiðslu vatnsfalla. Erfitt er að sjá að tiltölulega jafnt ársrennsli neðan virkjunar í Stóru-Laxá geti haft neikvæð áhrif á fiskasamfélög og einnig þarf að koma fram hér að farvegir árinna þurrkast hvergi upp vegna virkjunarinnar. Rétt er að á um 6 km kafla neðst í Laxárgljúfrum, sem er laxgengur, mun rennsli minnka verulega. Rannsóknir frá 2015 leiða í ljós að miðað við búsvæðamat árinna getur þessi rennslisminnkun valdið 2-3% skerðingu búsvæða á laxgenga hluta árinna samkvæmt skýrslu Veiðimálastofnunar frá 2015 (VMST/15011, LV-2015-128). Auðvelt er hins vegar að bregðast við hugsanlegri skerðingu á seiðaframleiðslu með því að sleppa samsvarandi fjölda seiða á ófiskgenga hluta árinna ofan Uppgöngugils, sem virðist vera heppilegt uppeldissvæði fyrir seiði.

Síðar segir í greinargerð: „Loks myndi virkjun hafa mikil neikvæð áhrif á beitahlunnindi.“

Þegar Landsvirkjun hóf rannsóknir á svæðinu á árinu 2012 var farið á vettvang með fulltrúum Upprekstrarfélags Flóa og Skeiða, en virkjunin er að verulegu leyti á afrétti þeirra. Var lónstæði og veituleið valin í samráði við þessa hagsmunaaðila þar eð þeir töldu illaver lítið nýtast fénaði á afréttinum. Þetta sama sjónarmið kom fram hjá formanni Upprekstrarfélagsins á kynningarfundum verkefnisstjórnar á Hótel Selfossi í apríl 2016.

Í ofangreindum helstu rökum verkefnisstjórnar kemur fram að mannvirkjagerð sé á svæði sem er óbyggt víðerni skv. skilgreiningu laga um náttúruvernd. Rétt er að benda á að verulegur hluti mannvirkja virkjunarinnar er í grennd við Sultartangalínur 1 og 2 og aðeins syðri hluti miðlunarlóns og tilheyrandi stíflur er í meira en 5 km fjarlægð frá vegslóða meðfram línunum.

Að öðru leyti gerir Landsvirkjun ekki athugasemdir við flokkun verkefnisstjórnar á þessum virkjunarkosti í biðflokk í þessum áfanga.

Virðingarfyllt

Óli Grétar Blöndal Sveinsson  
framkvæmdastjóri

Jón Ingimarsson  
forstöðumaður